

Ed. 856. Breytingartillögur [320. mál]

við frv. til l. um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 5. gr. C-liður 1. mgr. orðist svo:

Stjórn hug- og félagsvísindadeildar er skipuð sjö mönnum. Skulu tveir tilnefndir af heimspekideild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af lagadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af viðskiptadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af félagsvísindadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af guðfræðideild Háskóla Íslands og einn tilnefndur af fundi stofnana og félaga sem fást við rannsóknir á sviði hug- og félagsvísinda.

2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Stjórn Vísindaráðs ræður framkvæmdastjóra ráðsins til fimm ára í senn. Ráðning hans er háð staðfestingu ráðherra. Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið. Framkvæmdastjóri annast daglegar framkvæmdir, fjárreiður og reikningsskil. Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi.

3. Við 18. gr. Síðasti másl. 2. mgr. falli brott.

4. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Lög þess skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra